

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna sameiningar ráðuneyta, sbr. lög nr. 121/2010, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum.

Frá Róbert Marshall.

1. Við 24. gr.
 - a. Orðin „og fyrirsögn“ í b-lið falli brott.
 - b. E-liður verði c-liður og orðist svo: Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytisins“ í fyrirsögn 5. gr. og 2. mgr. 79. gr. laganna kemur: ráðuneytisins.
2. Við 99. gr.
 - a. Orðin „1. mgr. 17. gr.“ í b-lið falli brott.
 - b. Á eftir b-lið komi nýr stafliður, svohljóðandi: Í stað orðanna „dómsmálaráðherra Íslands“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: innanríkisráðherra.
3. B-liður 191. gr. orðist svo: 8. másl. 4. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögnum orðast svo: Hún skal skipuð fimm einstaklingum og skal forsætisráðuneyti, utanríkisráðuneyti, og fjármálaráðuneyti tilnefna einn hvert og innanríkisráðuneyti tvo.